BRYGGJUHÚS Á SEYÐISFIRÐI
-SAGA ÞEIRRA OG HLUTVERK

ANGRÓ, SKIPASMÍÐASTÖÐIN OG ÞÓRSHAMAR

Seyðisfirði í júní 2004
Elfa Hlín Pétursdóttir

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Inngangur ……....	3
Sögulegur bakgrunnur …….....	5
Norsk timburhús ……	6
Angró ……	8
Þórshamar ……..	17
Skipasmíðastöðin ……..	21
Framtíðarhorfur …….	27
Heimildaskrá …….....	28
Myndaskrá …….....	30

INNGANGUR

Eitt af megineinkennum bæjarmyndar á Seyðisfirði er hve mikið af gömlum timburhúsum frá því í kringum aldamótin 1900 standa enn. Þar á meðal eru þrjú bryggjuhús sem í daglegu tali kallast Angró, Þórshamar og Skipasmíðastöðin. Þau voru byggð á árabilinu 1881 til 1887 og hafa þjónað margvíslegum hlutverkum í gegnum árin. Í dag er svo komið að öll þarfnast þau viðhalds og endurnýjunar. Í skýrslu Sögusmiðjunnar um uppbyggingu Tækniminjasafns Austurlands frá árinu 2002 er lögð rík áhersla á að hin svokallaða Wathnestorfa verði skipulögð öll sem heildstætt safnasvæði. Bryggjuhúsin eru á þessu svæði og er það mat Sögusmiðjumanna að Tækniminjasafnið ætti að vera leiðandi í þeirri vinnu að móta og skipuleggja framtíðarhlutverk fyrrnefndra bryggjuhúsa.[1]



Wathnestorfan - fyrirhugað safnasvæði Tækniminjasafns Austurlands. Bláu húsin við höfnina eru þau hús sem hér eru til umræðu.

Í dag hefur Tækniminjasafnið umsjón með bæði Angró og Skipasmíðastöðinni en Þórshamar er í eigu eignarhaldsfélagsins Ker. Forstöðumaður Tækniminjasafnsins sem og bæjarstjóri Seyðisfjarðar hafa átt í viðræðum við stjórnendur þess um framtíð hússins sem hafa sýnt henni mikinn áhuga.

[1] Jón Jónsson og Kristinn Schram: *Tækniminjasafn Austurlands – Seyðisfjörður – vagga tækninnar á Íslandi.* (Sögusmiðjan, 2002). Bls. 7 og 12-17.

Á Seyðisfirði hefur þróunarvinna verið unnin í tengslum við verkefnið „Aldamótabærinn Seyðisfjörður" sem gerir ráð fyrir mikilli uppbyggingu í menningartengdri ferðaþjónustu á staðnum sem byggir á styrkum stoðum fjölbreyttar sögu og minja.[2] Varðveisla bryggjuhúsanna er hluti af því verkefni.

[2] Aldamótabærinn Seyðisfjörður: http://www.sfk.is/aldamota/aldamotabaer.htm. Dags. 22. júní 2004.

SÖGULEGUR BAKGRUNNUR

Byggð í Seyðisfirði má rekja aftur til landnáms en það var ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldarinnar að íbúum fjölgaði svo að eftir var tekið. Hafnarskilyrði eru þar einstaklega góð og erlendir sjómenn, Norðmenn í miklum meirihluta, nýttu sér það er þeir hófu að veiða síld undan Íslandsströndum.[3] Norðmaðurinn Otto Wathne fór þar fremstur í flokki. Þá var svokölluð Búðareyri sunnanmegin í firðinum að mestu óbyggð og valdi hann starfsemi sinni þar staðsetningu. Þær miklu breytingar sem urðu á seyðfirsku mannlífi síðustu áratugi 19. aldarinnar voru ekki einsdæmi, íslenskt þjóðfélag var á hraðri leið inn í nútímann. Bryggjuhúsin þrjú sem hér eru til umfjöllunar voru einmitt byggð á þessu mikla breytingarskeiði og bein afleiðing þess. Þegar saga þeirra er skoðuð endurspeglar hún að mörgu leyti ekki aðeins sögu Seyðisfjarðar heldur þéttbýlismyndunar og hluta af atvinnusögu landsins í heild. Notkunarsaga húsanna er að sjálfsögðu mjög tengd sjávarútvegi en einnig verslun og viðskiptum hvers konar svo ekki sé minnst á vægi erlendra áhrifa. Seinni heimsstyrjöldin og hernámið koma við sögu, hlutverk og uppbygging sveitastjórna, hafnarmál, skipulagsmál og byggðaþróun má einnig nefna. Hér á eftir mun saga hvers húss fyrir sig vera rakin með hliðsjón af ofannefndum atriðum. Fyrst mun þó stuttlega vera gerð grein fyrir sögu norskra timburhúsa hér á landi.

[3] Jón Þ. Þór: *Uppgangsár og barningsskeið. Saga sjávarútvegs á Íslandi. II. Bindi 1902-1939. Vélaöld.* (Akureyri, 2003). Bls. 164-165.

NORSK TIMBURHÚS

Á Íslandi er töluvert af timburhúsum frá áratugunum í kringum aldamótin 1900 sem oft er rætt um sem norsk katalóghús. Við vélvæðingu húsasmíðaiðnaðarins í Noregi var farið að forsmíða hús og húshluta, sem og að prenta og gefa út lista yfir húsin sem hægt var að panta og voru þau þá afhent fullunnin til samsetningar á byggingarstað. Norðmenn stunduðu síld- og hvalveiðar hér við land á síðari helmingi 19. aldarinnar og stóðu fyrir byggingu margra húsa. Hér á landi er talsvert um katalóghús en jafnframt voru smíðuð hér hús að norskri fyrirmynd en gerð af íslenskum smiðum.[4]

Seyðisfjörður hefur vissa sérstöðu á Íslandi varðandi byggingarstíl húsa. Sú staðreynd að hann byggðist upp á tiltölulega skömmum tíma og það að miklu leyti vegna áhrifa norskra athafnamanna og umsvifa þeirra á staðnum gerir það að verkum að stór hluti bæjarmyndarinnar er einmitt í fyrrnefndum norskum byggingarstíl. Sjúkrahús, skóli, glæsileg íbúðarhús og verslunarhús eru meðal þeirra bygginga sem risu um aldamótin 1900. Hluti af þessari heildarmynd, sem mikilvægt er að varðveita, eru bryggjuhúsin þrjú; Angró, Þórshamar og Skipasmíðastöðin. Mikilvægi þeirra er meðal annars fólgið í

[4] Hjörleifur Stefánsson: „Af norskum rótum – um norsk áhrif á íslenska byggingarsögu.” *Af norskum rótum – gömul timburhús á Íslandi.* Ritnefnd: Hjörleifur Stefánsson, Kjell H. Halvorsen og Magnús Skúlason. (Reykjavík, 2003). Bls. 9-10 og 37-38.

sérstæðum byggingarstíl þeirra og því að fá bryggjuhús svipuð þeim hafa varðveist hér á landi.[5]

[5] Sjá m.a: Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* (Safnastofnun Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfirði, 1995). Bls. 12-13.

ANGRÓ

Vorið 1869 kom til Seyðisfjarðar ungur norskur skipstjóri, Ottó Wathne að nafni og hóf hér nokkur umsvif á sviði verslunar og síldveiða en ílengdist ekki nema þetta eina sumar. Liðu 11 ár þar til bæjarbúar urðu aftur varir við entreprenörinn Ottó en þá var líka ekki annað hægt en að taka eftir honum. Hann var á Seyðisfirði til dauðadags, 1898, og kom víða við í atvinnulífi bæjarins. Síldarsöltun, almennar fiskveiðar og fiskverkun, verslunarrekstur og skip í millilandasiglingum voru meðal verkefna hans. Við komuna til Seyðisfjarðar 1880 keypti hann land á Búðareyrinni á Seyðisfirði sem þá var að mestu óbyggð.

Hann lét byggja stórhýsið sem síðar fékk nafnið Angró. Fleiri nöfn hafa verið notuð yfir þetta hús, þar má nefna Engros, Angróinn og Engrossinn. Leiða má að því líkum að nöfn þessi séu afbökun á „en gros" sem þýðir stórverslun í erlendum málum.[6] Angró var notað til síldarsöltunar og verslunar en íbúð Wathnes var þar jafnframt. Húsið var stækkað og því breytt á ýmsa vegu næstu tvo áratugina en skv. húsavirðingu árið 1889 virðist húsið komið í það form sem það er enn í dag.[7]

Ottó Wathne og kona hans Guðrún Wathne

Eftirfarandi lýsing á því sem fram fór í húsi fyrirtækis erfingja Ottó Wathne á Oddeyri (Akureyri) rétt fyrir aldamótin 1900 gæti gefið góða mynd af þeirri starfsemi sem einnig fór fram við og í hluta af Angró á Seyðisfirði þótt ekki sé hægt að fullyrða um það:

> Ysinn og þysinn var oft mikill í síldartökuhúsi Wathnes. Á efri hæðinni bjuggu nótabrúksmennirnir en neðri hæðin var óinnréttuð með trégólfi. Eftir því skreið kvenfólkið og kverkaði og slógdróg síldina upp í bala en sterklegir karlmenn steyptu síldinni án afláts úr hjólbörum beint á gólfið og voru jafnskjótt þotnir út eftir meir. Allir sáu þó óhagræði þess og annað eða þriðja sumarið sem Wathne var með síldarsöltunina á Oddeyri var byrjað að hella síldinni í langa kassa eða þrær þannig að konurnar þurftu ekki lengur að skríða á hnjánum við að slógdraga. Upp við veggina var staflað tómum síldartunnum og fyrir utan biðu fullar saltsíldartunnur þess á bryggjunni að vera skipað út í gufuskip og fluttar til Noregs.[8]

---

[6] Þóra Guðmundsdóttir: „Seyðisfjörður – norski bærinn" *Af norskum rótum.* Bls. 154.
[7] Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 243.
[8] Jón Þ. Þór: *Uppgangsár og barningsskeið.* Bls. 171. Bein tilvitnun upp úr bók Jóns Hjaltasonar; *Saga Akureyrar, II* (Akureyri, 1994)

Seyðfirskar konur við fiskvinnuslu. Myndin er tekin sunnanmegin fjarðar en ekki er hægt að segja til um hvort að hún sé tekið við Angró.

Árið 1894 var hið stórglæsilega íbúðarhús Ottós Wathnes reist við Hafnargötu 44 og flutti hann þangað úr Angró. Aðeins liðu 4 ár þar til stórkaupmaðurinn lést í hafi, um borð í skipi sínu, Vaagen, rétt utan við Færeyjar. Hlutafélagið Ottó Wathne Arvinger var stofnað að honum látnum og fékk það m.a. Angró í sinn hlut. Enn sem komið er virðist óljóst hvaða hlutverki húsið gegndi næstu áratugina en leiða má að því líkum að það hafi einkum verið tengt verslun og útgerð. Á árabilinu frá 1911 til 1918 eru skráðir fjórir mismunandi eigendur að húsinu; Oluf M. Olsen 1911, Jon Knutsen Haaland árið 1913, H. K. Waage og David Fjösold árið 1915 og Tanke Hjemgaard árið 1918.[9] Þessir samningar eru ekki skráðir í þinglýsingarbækur sýslumanns og frekari heimildir óaðgengilegar.

[9] Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 242.

Árið 1910 kom norski heimskautafarinn og landkönnuðurinn Fridtjof Nansen í könnunarleiðangur á samnefndu skipi til Íslands og hafði m.a. nokkurra daga viðdvöl á Seyðisfirði. Húsasaga Þóru Guðmundsdóttur segir að veisla hafi verið haldin honum til heiðurs í Angró[10] *en aðrar heimildir hafa enn ekki fundist fyrir því.*[11] *Hér má sjá skip hans liggja við Garðarsbryggjuna.*

Frá árinu 1923 hefur fundist leigusamningur þar sem Eyjólfur Jónsson leigir L. J. Imsland íbúð í syðri endanum.[12] Óljóst er í hvers umboði Eyjólfur var, Útibús Íslandsbanka á Seyðisfirði sem hann var útibússtjóri í eða á öðrum forsendum? Umræddum leigusamning var ekki þinglýst og því mögulegt að aðeins sé um uppkast að ræða. Líklegt er að svo sé ekki því að 16 árum seinna er dánarbús téðs Imslands skráð fyrir ógreiddri leigu vegna hluta af Angró.[13] Áhugavert væri að rannsaka betur sögu Angró á 2. og 3. áratug 20. aldarinnar en þar er margt á huldu. Á 4. áratugnum var Imsland með ölstofu á neðri hæðinni þar sem sjómenn stoppuðu oft til að svala þorstanum. Sagan segir að einu sinni sem oftar hafi ölið verið geymt í stampi úti við hús til kælingar og hafi hesturinn hans Júlla á vörubílnum (Júlíus Einarsson) komist í mjöðinn. Áhrifin létu ekki á sér standa og ruddi klárinn niður öllum girðingum Jóhanns Hanssonar vélsmiðjueiganda.[14]

[10] Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 244.
[11] *Austri* 24. júlí 1910 segir frá veisluhöldum og uppákomum tengdum dvöl Nansen í bænum. Þar er ekki minnst á Angró en tekið fram að veisla hafi verið haldin í barnaskólanum.
[12] Héraðsskjalasafn Austurlandsm, hér eftir kallað Héraust Sey - A6-68/17.
[13] Tækniminjasafn Austurlands, hér eftir kallað TS 10221
[14] Viðtal við Aðalbjörn Haraldsson (f. 1929) þann 25. júní 2004.

Árið 1929 var haldið opinbert uppboð á húseignum Alfreds Hjengard[15], þar með talinni hinni svokölluðu Engrossen byggingu. Var húsið selt hæstbjóðanda, Hafnarsjóði Seyðisfjarðarkaupstaðar á kr. 30.000. Hefur húsið verið í eigu Seyðisfjarðarkaupstaðar síðan. Bryggjan fylgdi með í kaupunum en var orðin illa farin og úr sé gengin.[16] Var ráðist í að endurgera bryggjuna og tók hún eftir það við hlutverki Garðarsbryggjunar sem aðalbryggja bæjarfélagsins.[17]

Bryggjan við Angró hefur oft verið legustaður mikilla sjófara og skipa. Myndin hér ti hliðar er frá seinni heimstyrjöldinni en ekki er vitað hvaða skip þarna liggur.

Ekki hafa fundist mikil gögn um viðhald og endurbætur á húsnæðinu. Þó var auglýst eftir tilboðum í lagningu raftauga skv. fyrirmælum rafveitustjóra árið 1931. Árið 1935 var lögð ný hafnarvatnsveita og naut Angró góðs af því. Frá sama ári hefur varðveist

[15] Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar er Tanke Hjemgaard sagður eigandi hússins á þessum árum en skv. Þinglýsingarbókum var eigandi Angró Alfred Hjengard. Hér er misræmi sem mér hefur ekki tekist að greiða úr.
[16] Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, þinglýsingarbækur, O 75.
[17] Gunnlaugur Jónasson: *Seyðisfjarðarkaupstaður 50 ára.* (Seyðisfirði, 1945). Bls. 2.

minnisblað um þá aðila sem skulda hafnarsjóði húsaleigu. Eftirtaldir aðilar eru þar taldir upp; Þórarinn J. Björnsson, Sigurður Jónsson vegna afgreiðslu Eimskips, dánarbús Lars J. Imslands og Baldur Guðmundsson vegna afgreiðslu ríkisskipa.[18] Skjalasafn Seyðisfjarðarkaupstaðar er ekki aðgengilegt eins og er, en ég rakst á reikninga hafnarsjóðs frá 4. áratugnum. Þar kemur fram að tekjur umfram gjöld hafi á árabilinu 1929-1937 verið á þriðja þúsund króna. Árið 1942 er hins vegar annað upp á teningnum, þá eru tekjur hafnarsjóðs rúmlega 22.000 kr. og munar þar um margfalda aukningu í bryggjugjöldum en einnig var húsaleigan hærri.[19]

Hernámsárin skipa sérstakan kapítula í sögu hússins. Breski herinn gekk á land í Reykjavík þann 10. maí 1940 og fljótlega voru hersveitir komnar til Seyðisfjarðar.

Hér er horft yfir Búðareyrina og inn í fjarðarbotn. Hermanna-braggar eru fremst á myndinni. Stutt hefur verið fyrir dátana að skreppa á ball og í bíó í Angró, a.m.k. frá þessum kampi.

[18] TS 10221.
[19] Reikningar Hafnarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árin 1929, 1932-1937 og 1942-1943.

Mikil umsvif fylgdu hernum og þótt að aðstaða þeirra hafi að miklu leyti verið reist á stríðsárunum þá voru jafnframt nokkur hús í kaupstaðnum leigð hernum. Leigusamningur dags. 1. júlí 1942 milli bæjarstjórnar og Flugmálaráðherra Hans Hátignar Bretakonungs hefur varðveist þar sem ráðherrann tekur á leigu nokkur skrifstofuherbergi í Angró, vörugeymslu og útbyggingu frá 1. nóvember 1941 og annar vegna leigu á vörugeymslu, 90 fm frá 1. október 1942. Þann 17. júlí 1941 er einnig dagsett nákvæm úttekt á húsinu og ástandi þess við upphaf leigutíma sem og athugsemdir. Kort af herbergjaskipan fylgdi þeim gögnum.[20] Úttektin er mjög nákvæm og því merkileg heimild um ástand hússins í byrjun 5. áratugarins. Herinn notaði Angró m.a. undir skrifstofur en loftið til kvikmyndasýninga og annarra skemmtana.[21] Eftir brottför hernámsliðsins útnefndi Hjálmar Vilhjálmsson bæjarfógeti þá Sigfús Pétursson og Þóri Björnsson til að framkvæma skoðunar- og matsgjörð og leggja mat á skemmdir vegna veru hersins í húsinu.[22] Sú matsgjörð hefur ekki fundist en færa mætti fyrir því rök að bæjarsjóður hafi ætlað sér að fá þær skemmdir sem urðu á húsinu í leigutíð hernámsliðanna greiddar að fullu.

Að stríði loknu varð húsið aftur að fullu á forræði bæjarsjóðs. Íbúðarhluti þess er tiltekinn þegar Húsaleigunefnd Seyðisfjarðakaupstaðar gerði úttekt á ófullnægjandi íbúðarhúsnæði í bænum en þá bjó þar 4 manna fjölskylda.[23] Í gögnum húsaleigunefndar er íbúðarhluti Angró líka til skoðunar vegna máls þar sem maður nokkur sækir um húsnæðið til íbúðar

[20] Héraust Sey 52-6
[21] Viðtal við Ingu Hrefnu Sveinbjarnardóttur (f. 1932) 17. mars 2004.
[22] Héraust Sey 52-6. Bréf dags. 4. desember 1944.
[23] Héraust Sey 43-11

vegna vandamála í samskiptum við sinn leigusala.[24] Búið var í húsinu fram á miðjan 8. áratug, oft farandverkafólk sem skráði lögheimili sitt annarsstaðar.

Sá hluti hússins sem notaður var undir atvinnustarfsemi virðist næstu árin hafa verið nýttur af Ríkisskipum og Eimskip.[25] Á Seyðisfirði var mikið um að vera á síldarárunum og oft mjög líflegt í kringum Angró. Í heimildamynd frá árinu 1964 eftir Woody Vasulka um síldarstemmninguna á Seyðisfirði má sjá uppskipun við Angró og stæður af síldartunnum.[26]

Frá árinu 1977 var netagerðin Fjarðarnet hf. starfrækt í húsinu. Hún var í eigu bæjarmanna. Ekki hefur fundist leigusamningur um húsið en grunnleigusamningur um lóðina milli Seyðisfjarðarkaupstaðs og fyrirtækisins hefur varðveist frá árinu 1986.[27] Nýtt stálgrindarhús var reist austan megin við Angró árið 1986. Fjarðanet hf. Flutti starfsemi sína úr húsinu í september 1997.[28] Fjarðanet leigði Þvottatækni stálgrindarhúsið árið 1998 en 12. mars 2001 var það slegið Byggðastofnun á nauðungaruppboði vegna gjaldþrots Fjarðarnets. Þvottatækni er fyrirtæki sem enn er starfrækt en það hefur m.a. hannað og þróað búnað til að þvo og endurnýta poka sem notaðir eru undir fiskimjöl.

[24] Héraust 37-24
[25] Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 244.
[26] Woody Vasulka: *Sezóna v Seyðisfjörður.* (Prag, 1964).
[27] Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, þinglýsingarbækur, nr. 256/1993.
[28] Viðtal við Jóhann Pétur Hansson (f. 1950) 25. júní 2004.

Húsið hefur mikil látið á sjá í tímans rás. Sjá má glitta í stálgrindarhúsið ofan við Angró.

Lítil starfsemi hefur verið í Angró síðustu ár. Á 100 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1995 var húsasýning Dieter Roth sett upp í salnum niðri. Angró er í dag í umsjá Tækniminjasafns Austurlands og er hluti þess notaðar undir geymslur á munum safnsins. Viðræður eru yfirstandandi milli Byggðastofnunar og Tækniminjasafns Austurlands um kaup safnsins á stálgrindarhúsinu. Er fyrirhugað að í því munu skrifstofur, geymslur og verkstæði safnsins rúmast.

ÞÓRSHAMAR

Ólíkt notkunarsögu Angró sem tengist mjög þróun sjávarútvegs í landinu má segja að Þórshamar varpi skýrari ljósi á hluta verslunarsögu landsins. Húsið var byggt um svipað leyti og Angró, árið 1882. Thostrupsverslunin var eitt stærsta fyrirtæki Seyðisfjarðar á sínum tíma og átti Thostrup lengri sögu hér en t.d. Ottó Wathne.[29] Í nokkur ár fram til 1890 var starfrækt félag í eigu Thostrups og fleiri sem stundaði síldveiðar og síldarvinnslu. Thostrup lét byggja Þórshamar og var það notað vegna umsvifa við þá starfsemi. Þórarinn Guðmundsson stýrði Thostrups fyrirtækinu frá 1882 og keypti það árið 1901.[30] Þá var Þórshamar að vísu ekki lengur í eigu Thostrupsverslunarinnar. Þorsteinn Erlingsson segir svo frá í grein í Eimreiðinni um aldamótabæinn Seyðisfjörð þar sem hann lýsir húsum og mannvirkjum:

> En fyrir neðan götuna og úti í sjónum sést löng þakhlið. Það hús er Þórshamar. Þar gátu forðum lagt að stórskip, en af framburði ánna er það nú lítt fært. Stórhýsi þetta bygði danskt síldarveiðafélag undir forustu V. T. Thostrups o. fl. 1882. Þetta félag hætti störfum nál. 1890 og keypti þá O. Wathne húsið og hafði fyrir síld og tunnur

[29] Matthías Þórðarson frá Móum: „Seyðisfjörður og Otto Wathne" *Geymdar stundir. Frásagnir af Austurlandi.* Ármann Halldórsson valdi efni og bjó til prentunar. (Víkurútgáfan, 1981). Bls. 35
[30] *Fra Islands Næringsliv. Med historisk oversigt af Bjarni Jónsson frá Vogi.* (Kristjanía, 1914). Bls. 170

og eins erfingjar hans nú. Það er afarmikið hús, og mest þakið, áþekt Barónsfjósinu í Rvík.[31]

Erfingjar Ottós héldu áfram starfsemi í húsinu til 1920 þegar húsið var selt inn- og útflutningsfyrirtækinu Nathan og Olsen.[32] Höfuðstöðvar þess fyrirtækis voru í Reykjavík en fyrirtækið starfrækti útibú víða um land og var Þórshamar eitt af þeim. Flutningaskip á vegum félagsins sigldu milli landa sem og hafna hér innanlands.[33] Þórshamar og bryggjan við hann hafa nýst vel til þeirrar starfsemi.

Árið 1931 keypti Gísli H. Gíslason, sem hafði verið starfsmaður Nathan og Olsen á Seyðisfirði, húseignina ásamt öllu múr og naglföstu, þ.m.t. bryggju og bólverki.[34] Gísli rak verslun í húsinu með kramvöru, sælgæti og tóbak. Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði keypti húsið tíu árum seinna, 1941 og rak í því matvöru- og byggingarverslun. Trillukarlar og sjósóknarar voru jafnframt með aðstöðu í húsinu.[35]



[31] [Þorsteinn Erlingsson]: „Seyðisfjörður um aldamótin 1900." *Eimreiðin*. 2. tbl. 1903. Ritstj. Valtýr Guðmundsson. Bls. 96.
[32] Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 225-226. Hjá sýslumanni er ekki að finna þinglýstan kaupsamning eða afsal.
[33] Nathan &Olsen: http://www.nathan.is/ Söguhluti heimasíðu þeirra. Dagsetning 31. janúar 2004.
[34] Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, þinglýsingarbækur, nr. R-46. Afsal dags. 3. ágúst 1931.
[35] Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, þinglýsingarbækur, nr. Þ-78. Afsal dags. 11.mars 1941.

Árið 1967 seldi Kaupfélagið Olíufélaginu hf. húsið og bryggjuna.[36] Ári síðar úrskurðaði byggingarnefnd um stærð lóðarinnar en lóðarmörk sem tilgreind voru í eldri gögnum voru misvísandi og jafnframt orðin tímanum að bráð.[37] Sama ár var húsið stytt um 11 metra og bensínsöluskúr settur á það fremst. Baldvin Trausti Stefánsson var rekstraraðili til dánardags 4. desember 1983. Óla B. Magnúsdóttir systurdóttir hans tók við þá og rak til 1. júní 1986 er nýr söluskáli Esso var tekinn í notkun að Austurvegi.[38] Skúrinn var fjarlægður árið 1990 og stendur nú við Fossgötu á Seyðisfirði.



Mynd líklegast tekin á 8. áratug 20. aldarinnar. Bensínsöluskúrinn sést vel en húsið var stytt vegna nýrrar byggingar Kaupfélagsins hinum megin við götuna. Þótti nauðsynlegt að rýma til fyrir nýju vegstæði.

[36] Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, þinglýsingarbækur, nr. Þ II-230. Afsal dags. 5. des. 1967.
[37] Héraust 43-3.
[38] Tölvubréf frá Ólu B. Magnúsdóttur (f. 1951) til höfundar dagsett 25. júní 2004. Í vörslu höfundar.

Síðustu ár hefur lítil starfsemi verið í húsinu. Bryggjan var að hluta til lagfærð árið 1990 en er nú mjög sigin í miðið eftir snjóþyngsli veturinn 2002 – 2003. Ljóst er að skipta þarf um undirstöður að einhverju eða öllu leyti. Húsið hefur verið notað sem geymsla af nokkrum einstaklingum, m.a. Jóni Pálssyni skipstjóra. Olíudreifing ehf. er nú með aðstöðu þar en eigandi hússins er eins og áður segir eignarhaldsfélagið Ker. Minjavernd hefur gert ástandskönnun á húsinu fyrir eiganda þess og samið skýrslu þar sem ástandi hússins er lýst og áætlun um endurbyggingu er sett fram.

Þórshamar í júní 2004.

SKIPASMÍÐASTÖÐIN



Tilraunir til botnvörpuveiða togara hófust hér á landi rétt fyrir aldamótin 1900. Ekki var til innlent fjármagn í landinu og því voru erlendir fjárfestar fengnir til að stofna fyrirtæki og kaupa skip en Íslendingar skráðir fyrir þeim. Aðallega var um botnvörpuveiðar að ræða við sunnanvert landið, sérstaklega Faxaflóa en þó ekki einvörðungu. Þar voru þrjú

félög stofnuð; útgerð enska fiskkaupmannsins Pike Ward, Islands Handels og Fiskeri Co. og Ísafoldarfélagið.[39]

> Fjórða og síðasta útgerðarfélagið, sem stofnað var að mestu af erlendu hlutafé og tók til starfa hér á landi árið 1899, var Fiskveiðahlutafélagið Garðar. Það var stofnað 31. maí 1899 og hafði aðsetur á Seyðisfirði. Hlutafé félagsins var 180 þúsund krónur, að langmestu leyti í eigu útlendinga.
> Garðarsfélagið hóf þegar árið 1899 miklar framkvæmdir á Seyðisfirði, og árið eftir gerði það út ellefu skip, átta seglskip (kúttera) og þrjá togara. Togararnir nefndust *Snæfell*, *Nordfjord* og *Esbjerg*, og gengu þeir til veiða frá Seyðisfirði sumarið 1900. En hér fór á líkan veg og fyrir Ísafoldarfélaginu. Útgerðin gekk illa, afli var tregur, og þegar vertíðinni lauk haustið 1900, var saga Garðarsfélagsins í raun öll. Starfsemin lognaðist út af og 13. apríl 1901 var félaginu formlega slitið.[40]

Þetta félag, Garðarsfélagið stóð árið 1897 fyrir byggingu íshúss og tveggja vöruhúsa auk bryggju rétt utan við svokallað Svendsenhús.

Hér má sjá Garðarshúsin áður en þau voru sett undir eitt þak.

Árið 1906 voru húsin komin undir eitt þak eins og enn er í dag. Húsið gengur oftast undir nafni Skipasmíðastöðin en jafnframt er stundum talað um Garðar. Garðarsfélagið gekk ekki sem skyldi eins og fyrr er sagt og aldamótaárið 1901 keypti Seyðisfjarðarkaupstaður húsið/húsin. Kol voru geymd í húsinu og var kaupmaðurinn Stefán Th. Jónsson með

[39] Jón Þ. Þór: *Uppgangsár og barningsskeið.* Bls. 35-39.
[40] Jón Þ. Þór: *Uppgangsár og barningsskeið.* Bls. 39-40.

kolusölu á planinu.[41] Næstu áratugi eru litlar heimildir um starfsemi hússins, svo virðist sem bærinn hafi haldið áfram kolasölu en einnig var húsið leigt út, a.m.k. árin 1929-1942. Er húsaleiga fyrir þau ár tæpar 17.000 krónur og bryggjugjöld um 7.000 kr. en gjöld á móti um 25.000 kr. Munar þar mestu um atvinnubótavinnu árið 1934 sem kostaði bæjarfélagið 9.000 kr.[42] Ernst Pettersen og Harald Johansen voru með verslun á loftinu á 4. áratugnum sem höndlaði með byggingarvörur og veiðarfæri.

Bryggjan var aðalbryggja bæjarins til 1929 er bærinn lét endurbæta bryggjuna við Angró.[43]

Árið 1936 var húsið ásamt mörgum öðrum eignum bæjarsjóðs veðsett vegna láns í Kreppulánasjóði.[44]

Umskipti á starfsemi hússins verða fljótlega upp úr 1940. Árið 1943 er hlutafélagið Skipasmíðastöð Austfjarða stofnað af nokkrum einstaklingum sem og bæjarsjóði og hafnarsjóði. Í stjórn voru Sveinlaugur Helgason, formaður og meðstjórnendur þeir Jóhann Hansson, vélsmiðjueigandi og Þorgeir Jónsson. Reksturinn hófst árið 1944 og var færeyski skipasmiðurinn Niels Holm Petersen ráðinn til starfans. Fyrsti báturinn, Pálmar, var tilbúinn 1946. Ári síðar voru afhentir tveir nýsköpunarbátar, annar fór á Djúpavog og



Skipið Ceres liggur við Garðarsbryggju í kringum aldamótin 1900.

[41] Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 231-234.
[42] Reikningar Hafnarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árin 1929, 1932-1937 og 1942-1943.
[43] Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 231-234
[44] Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, þinglýsingarbækur, nr. V-11. Skuldabréf dags. 12. maí 1936.

hinn á Bolungarvík[45] Reikningar fyrir tvö ár, 1947 og 1948 hafa varðveist og sýna fram á rekstrartap fyrir árin tvö upp á tæplega 40.000 kr.[46] Árið 1952 var gerður samningur milli fyrirtækisins og bæjarstjóra vegna ógreiddra útsvara upp á 11.100 kr.[47]



Ríkisbátarnir tveir sem Skipasmíðastöð Austfjarða smíðaði. Annar, Papey, fór til Djúpavogs en hinn, Einar Hálfdáns, fór vestur á Bolungarvík.

Árið 1957 tók Ernst Pettersen við starfi framkvæmdastjóra. Bátasmíði hafði legið niðri um nokkurt skeið en hófst nú að nýju. Samvinna var mikil við Vélsmiðju Seyðisfjarðar sem var til húsa hinum megin við götuna. Undir lok 7. áratugarins var reist bátasmíðaskýli við húsið. Alls voru 15 þilfarsbátar smíðaðir í Skipasmíðastöð Austfjarða og er hægt að skipta smíðinni í þrjú tímabil; 1944-1947 voru þrír kantsettir bátar smíðaðir, 39-42 tonn og var yfirsmiður þá Færeyingurinn Niles Holm Petersen, 1958-1965 voru fjórir súðbyrtir bátar, 7–10 tonn að stærð smíðaðir og á árabilinu 1969-1973

[45] Smári Geirsson: *Frá skipasmíði til skógerðar. Iðnsaga Austurlands, síðari hluti.* Safn til Iðnsögu Íslendinga. IV. bindi B. Ritstjóri Jón Böðvarsson. (Reykjavík, 1995). Bls. 209-212.
[46] Héraust nr. Sey 123-4 og nr. 123-10.
[47] Héraust nr. Sey 52-2. Dags. 10. maí 1952.

var lokið við smíði 8 kantsettra báta. Ernst Pettersen var yfirsmiður á síðari tímabilunum tveimur.[48]

Skipasmíðar lögðust af í húsinu árið 1972 en það var áfram nýtt undir trésmíðaverkstæði. Svo virðist sem starfsemi félagsins hafi lognast smá saman út af. Smári segir að Skipasmíðastöðin hafi verið lögð niður árið 1988 og Vélsmiðja Seyðisfjarðar tekið yfir starfsemina.[49] Í hlutafélagaskrá er Skipasmíðastöð Austfjarða enn skráð með kennitöluna 590269-4259 og stjórnina skipi Ernst Pettersen sem formaður og þeir Erlendur Steinsson og Stefán Jóhannsson sem meðstjórnendur. Ernst og Erlendur eru báðir látnir. Er Skipasmíðastöðin jafnframt skráð eigandi hússins í þinglýsingarbókum sýslumannsins á Seyðisfirði. Á árunum 1990 til 1997 var eitt lögtak og þrjú fjárnám gerð í húsinu vegna gjaldfallinna opinberra gjalda af Sýslumannsembættinu á Seyðisfirði. Eldri veðskuldum hefur öllum verið aflétt.



Næst má sjá Vélsmiðju Seyðisfjarðar (upphaflega Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar), þar fyrir neðan er Skipasmíðastöðin og Angró efst. Mikill skipafjöldi liggur við bryggjurnar og sýnir vel hve mikið athafnasvæði hér er til umfjöllunar.

[48] Smári Geirsson: *Frá skipasmíði til skógerðar.* Bls. 214.
[49] Smári Geirsson: *Frá skipasmíði til skógerðar.* Bls. 213-217.

Allra síðustu ár hefur húsið verið í umsjá Tækniminjasafnsins. Í dag er haldinn flóamarkaður í húsinu tvo daga í viku yfir sumartímann og jafnframt hefur bólstrari þar vinnuaðstöðu.

Skipasmíðastöð Austfjarða í júní 2004.

FRAMTÍÐARHORFUR

Þessi mynd af Wathnestorfunni er tekin af höfundi þann 25. júní 2004. Fremst má sjá Þórshamar og liggja tvær skútur við bryggjuna. Þá er skemma stór og rauð sem nú er notuð sem geymsla fyrir Síldarvinnsluna sem rekur loðnubræðsluna á staðnum. Bak við hana glittir aðeins í norðurgafl Skipasmíðastöðvarinnar. Húsin ofar götu eru annars vegar Garður og hins vegar Gamla símstöðin en í henni er sýning Tækniminjasafns Austurlands, *Innreið nútímans.* Fyrir neðan Símstöðina má sjá Angró og stálgrindarhúsið þar við hlið. Fjærst glittir í frystihús bæjarins. Þetta svæði á sér merka sögu og lýsa húsin vel uppbyggingu og sviftingum í atvinnulífi í sjávarþorpi á Íslandi. Þau eru einnig merkileg fyrir byggingarstíl sinn sem kenndur er við Noreg.

Angró, Skipasmíðastöðin og Þórshamar eru hús sem rétt er að fjármagna endurbyggingu á en til þess þarf jafnframt að huga vel að framtíðarhlutverki húsanna. Næsta skref er að fá fagaðila til að meta húsin, ástand þeirra og hugsanlegan kostnað við endurbætur. Ljóst er að Tækniminjasafn Austurlands hefur ekki burði til að standa að svo stóru verkefni eitt og sér, frekar má hugsa sér það sem nokkurs konar tengil milli ýmissa fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka sem vonast er til að áhugi fyrir þessu brýna verkefni vakni hjá.

HEIMILDASKRÁ

Óprentaðar heimildir

Í Héraðsskjalasafni Austurlands
Sey 123-10.
Sey 123-4
Sey 37-24
Sey 43-11
Sey 43-3.
Sey 52-2.
Sey 52-6
Sey 52-6
Sey A6-68/17.

Í Skjalasafni Tækniminjasafns Austurlands
TS 10221.

Úr þinglýsingarbókum sýslumannsins á Seyðisfirði
256/1993.
O 75.
R-46..
V-11.
Þ II-230.
Þ-78.

Í skjalasafni Seyðisfjarðarkaupstaðar
Reikningar Hafnarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árin 1929, 1932-1937 og 1942-1943.

Tölvupóstur
Tölvubréf frá Ólu B. Magnúsdóttur til höfundar dagsett 25. júní 2004. Í vörslu höfundar.

Kvikmyndir

Woody Vasulka: *Sezóna v Seyðisfjörður.* (Prag, 1964).

Munnlegar heimildir

Viðtal við Aðalbjörn Haraldsson 25. júní 2004

Viðtal við Ingu Hrefnu Sveinbjarnardóttur 17. mars 2004.

Viðtal við Jóhann Hansson 25. júní 2004.

Prentaðar heimildir

Austri 24. júlí 1910 .

Fra Islands Næringsliv. Med historisk oversigt af Bjarni Jónsson frá Vogi. (Kristjanía, 1914).

Gunnlaugur Jónasson: *Seyðisfjarðarkaupstaður 50 ára.* (Seyðisfirði, 1945).

Hjörleifur Stefánsson: „Af norskum rótum – um norsk áhrif á íslenska byggingarsögu." *Af norskum rótum – gömul timburhús á Íslandi.* Ritnefnd: Hjörleifur Stefánsson, Kjell H. Halvorsen og Magnús Skúlason. (Reykjavík, 2003). Bls. 8-43.

Jón Jónsson og Kristinn Schram: *Tækniminjasafn Austurlands – Seyðisfjörður – vagga tækninnar á Íslandi.* (Sögusmiðjan, 2002).

Jón Þ. Þór: *Uppgangsár og barningsskeið. Saga sjávarútvegs á Íslandi. II. bindi 1902-1939. Vélaöld.* (Akureyri, 2003).

Matthías Þórðarson frá Móum: „Seyðisfjörður og Otto Wathne" *Geymdar stundir. Frásagnir af Austurlandi.* Ármann Halldórsson valdi efni og bjó til prentunar. (Víkurútgáfan, 1981).

Smári Geirsson: *Frá skipasmíði til skógerðar. Iðnsaga Austurlands, síðari hluti.* Safn til Iðnsögu Íslendinga. IV. bindi B. Ritstjóri Jón Böðvarsson. (Reykjavík, 1995).

[Þorsteinn Erlingsson]: „Seyðisfjörður um aldamótin 1900." *Eimreiðin*. 2. tbl. 1903. Ritstj. Valtýr Guðmundsson.

Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* (Safnastofnun Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfirði, 1995).

Þóra Guðmundsdóttir: „Seyðisfjörður – norski bærinn" *Af norskum rótum – gömul timburhús á Íslandi.* Ritnefnd: Hjörleifur Stefánsson, Kjell H. Halvorsen og Magnús Skúlason. (Reykjavík, 2003). Bls. 146-171.

Heimasíður

Aldamótabærinn Seyðisfjörður: http://www.sfk.is/aldamota/aldamotabaer.htm. Dags. 22. júní 2004.

Nathan & Olsen: http://www.nathan.is/ Söguhluti heimasíðu þeirra. Dagsetning 31. janúar 2004.

MYNDASKRÁ

Bls	Uppruni
Forsíðan	Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* (Safnastofnun Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfirði, 1995). Bls. 27.
6	http://sfk.is/_borders/Lonid_300_pt.jpg
8	Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 45.
9	Tækniminjasafn Austurlands.
10	Séra Kristján Róbertsson: *Byggðarsaga Seyðisfjarðar.* Fyrra bindi. (Seyðisfjörður, 1995). Bls. 187.
11	Sama, bls. 209.
12	Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 243.
13	Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld.* (Sögufélag, Reykjavík, 2002). Bls. 218.
16	*Af norskum rótum – gömul timburhús á Íslandi.* Ritnefnd: Hjörleifur Stefánsson, Kjell H. Halvorsen og Magnús Skúlason. (Reykjavík, 2003). Bls. 153.
17	Ljósmyndasafn Austurlands. Gefandi Einar Vilhjálmsson, mynd nr. 100.
18	Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 225.
19	Mynd í vörslu Sigurveigar Gísladóttur.
20	Mynd af Þórshamar tekin af höfundi þann 25. júní 2004.
21	Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 231
22	Sama
23	Séra Kristján Róbertsson: *Byggðarsaga Seyðisfjarðar*. Bls. 189.
24	Smári Geirsson: *Frá skipasmíði til skógerðar. Iðnsaga Austurlands, síðari hluti.* Safn til Iðnsögu Íslendinga. IV. bindi B. Ritstjóri Jón Böðvarsson. (Reykjavík, 1995). Bl.s 211.
25	Þóra Guðmundsdóttir: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.* Bls. 33.
26	Mynd af Skipasmíðastöðinni tekin af höfundi þann 25. júní 2004
27	Mynd af Wathnestorfunni tekin af höfundi þann 25. júní 2004.